

GARÐASKÓLI 2017-2018

NÁMSÁÆTLUN Í DÖNSKU, 10. BEKKUR - HÆGFERÐ

Lýsing á námi og kennslu í Garðaskóla er sett fram af kennurum til að koma á framfæri til nemenda markmiðum með þeim verkefnum sem unnin eru í skólanum. Viðfangsefni miðast við kröfur Aðalnámsskrár grunnskóla. Hér er lýst þeirri hæfni sem nemendur eiga að ná á árinu og hvernig viðfangsefni þeir glíma við til að ná settum viðmiðum. Námsáætlunin gefur upplýsingar um þá leiðsögn og námsmat sem nemendum er gefið í námsgreininni. Kennsluáætlunin er lifandi skjal og birt með fyrirvara um breytingar.

Skóladagatal Garðaskóla má nálgast á vef skólans: <http://gardaskoli.is/skolinn/skoladagatal/>

Upplýsingar um heimanám og verkefni hverrar viku má nálgast á Innu. Nemandi ber ábyrgð á eigin námi og að standa skil á þeim þáttum sem teknir eru til námsmats. Ef nemandi missir úr kennslustund þarf hann að afla sér upplýsinga um heimavinnu og afla þeirra gagna sem þörf er á. Ef nemandi skilar ekki tilteknum þætti til námsmats getur það þýtt að lokamat geri ekki rétta grein fyrir hæfni hans.

Læsi til náms: Í samræmi við læsisstefnu Garðaskóla vinnum við í dönsku með læsi út frá ólíkum námsþáttum. Unnið er með læsi gegnum lestur á texta, þýðingar, ritun, hlustun og talað mál sem byggist að miklu leyti á fjölbreyttum orðaforðaverkefnum og mismunandi nýtingu tungumálsins. Einnig er unnið með menningarlæsi í gegnum verkefni sem tengjast Danmörku með það að markmiði að auka þekkingu nemenda á danskri menningu og norrænu samstarfi.

Kennarar: Erla Karlsdóttir
Guðný Rut Gylfadóttir

erlakarl@gardaskoli.is
gudnygy@gardaskoli.is

Kennsluáætlunin er lifandi skjal og birt með fyrirvara um breytingar

Lota 1 Vika 34-40 23.08.-06.10. 08.09 Dagur læsis 18.09 Skipulagsdagur 29.09. Evrópskri tungumáladagurinn 02-06.10. Forvarnar- vika Garðabæjar	Viðfangsefni Dejlige Danmark Orðaforði lotunnar tengist skóla,framhaldsmenntun, vináttu og sumarfríi. Fjölbreytt verkefni úr orðaforða s.s. lesskilningur, málnotkun, hlustun og stílar. Málfræði tengd orðaforða, óákv. og ákv. greinir nafnorða, nútíð og þátíð sagnorða og spurnarorð. Munnlegar æfingar. Tölvuverkefni/paravinna. Sýnd verður dönsk kvikmyndir, þættir og tónlistarmyndbönd	Námsefni Dejlige Danmark Lesbók bls. 1-10 Dejlige Danmark opgavebog Vinnubók Bls 1-20 Hvad siger du B Valdar hlustunar æfingar Ath! Með fyrirvara um breytingar	Upplýsingatækni Quizlet.com Kahoot Qrcode Ath! Vægi einstakra þátta getur breyst!
Námsmat/afurð Prófað úr námsefni lotunnar, kaflapróf Glósupróf og paraverkefni			
Vika 41-51 09.10.-19.12. 17.10. Samráðsdagur Heimilis og skóla 27.10. Skipulagsdagur 8.11 Baráttudagur gegn einelti	Viðfangsefni Dejlige Danmark Orðaforði lotunnar tengist mat, matarmenningu og störfum.	Dejlige Danmark Lesbók bls. 11-17 Dejlige Danmark opgavebog	Krossapróf og skilaverkefni úr danskri smásögu. Prófað úr námsefni lotunnar

Undirritun _____

GARÐASKÓLI 2017-2018

NÁMSÁÆTLUN Í DÖNSKU, 10. BEKKUR - HÆGFERÐ

16.11 Dagur ísl. Tungu 29.11 Skipulagsdagur 19.12. Jólábókaflóð 20.12 Jólaskemmtun 21.12. Jólaleyfi hefst	Fjölbreytt verkefni úr orðaforða s.s. lesskilningur, málnotkun, hlustun, stílar og ritun. Málfræði er tengd orðaforða nútíð og þátíð sagnorða, töluorð og tímahugtök Munnlegar æfingar. Smásaga- lesin í tímum skilaverkefni og krossapróf. Hópverkefni – kynning á mat og danskri matarmenningu. Danskar kvikmyndir og/eða myndbandsþættir.	Vinnubók bls. 21-33 Hvad siger du B Valdar æfingar Dönsk smásaga – ljósrit. Ath! Með fyrirvara um breytingar	Lítill glósupróf Ólesinn texti Hlustun Hópverkefni – kynning Ath! Vægi einstakra þátta getur breyst!
--	---	---	---

Námsmat/afurð Smásaga

Kaflapróf, prófað úr námsefni lotunnar

Smásaga - krossapróf

Hlustun

Hópverkefni , kynningar og glósupróf

Þáttaka og virkni í tímum

Inngangur:

Lýsing á námi og kennslu í Garðaskóla er sett fram af kennurum til að koma á framfæri til nemenda markmiðum með þeim verkefnum sem unnin eru í skólanum. Viðfangsefni miðast við kröfur Aðalnámskrár grunnskóla. Hér er lýst þeirri hæfni sem nemendur eiga að ná á önninni, hvaða aðferðum kennarar og nemendur beita til að ná settum markmiðum, hvernig metið er hvort þeim markmiðum hafi verið náð.

Hæfnimarkmið:

1. Lestur og lesskilningur

2. Málfræði og málnotkun

3. Hlustun og áhorf

4. Munnlegt og tjáning

Að nemendur:

1 - náí tókum á algengum orðaforða sbr. viðfangsefni hverrar lotu

- geti nýtt sér málið í þekktum aðstæðum.

- geti haldið uppi einföldun samræðum með stuðningi frá viðmælanda.

2 - geti beitt málfræðireglum, þekki algeng nafnorð, nútíð og þátíð sagnorða, tímahugtök, töluorð, spurnarorð og geti nýtt sér orðaforða sem búið er að leggja fyrir.

- geti skrifað stutta stíla úr námsefni og stuttan texta um þekkt efni

- þekki algeng orðasambönd.

3- æfist í að hlusta á talað mál t.d. í kvikmyndum og þáttum sér til gangs og ánægju.

-æfist í að hlusta á danska dægurlagatexta

4 geti flutt einfalda undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu, einn eða í félagi við aðra.

- fái innsýn í danska menningu.

Vinna nemenda:

- Fjölbreytt vinna með orðaforða, einstaklings- og paravinna – lestur, lesskilningur.

- Stílar úr orðaforða, málnotkunarverkefni.

- Málfræði tengd orðaforða s.s.nafnorð, sagnorð, spurnarorð, smáorð, tímahugtök og fleira.

Undirritun _____

- Málfræði, nafnorð og sagnorð – helstu reglur og verkefni.
- Hlustun og talæfingar, munnleg skil á orði eða setningu vikunnar.
- Dægurlagatextar á neti – hlustun.
- Nemendur horfa á danskar kvikmyndir/sjónvarpsþætti – þjálfun í að hlusta og fylgjast með dönskum texta.
- Lesa smásögu og vinna einstaklingsverkefni.
- Nemandi vinni verkefni bæði einn og með öðrum og nýti ýmsa miðla við kynningar og verkefnagerð.

Vinna kennara:

- Kennarar leggja sig fram um að velja fjölbreytt viðfangsefni og nota fjölbreyttar matsaðferðir við mat á verkefnum nemenda.
- Kennarar leiðbeina um rétta notkun á dönsku máli, bæði munnlega og skriflega og kynna nemendur fyrir Danmörku og ýmsum dönskum siðum og venjum
- Innlagnir, verkstjórn og farið yfir vinnu nemenda.
- Munnlegar æfingar og orð eða setning vikunnar.
- Smásaga lesin saman í kennslustund og farið yfir vinnubrögð.
- Mat á vinnu nemenda.

Lykilhæfni sem nemendur stefni að:

Tjáning og miðlun:

Að nemandi geti notað orðaforða á fjölbreyttan hátt og viðeigandi hugtök sem tengjast margskonar umfjöllunarefni. Að nemandi verði fær um að nýta fjölbreytta miðla til upplýsingaröflunar og framsetningar.

Sjálfstæði og samvinna:

Að nemandi geti tekið frumkvæði í námi sínu og verið sjálfstæður og ábyrgur í vinnubrögðum. Að hafa þroskað með sér hæfileika til að vinna með öðrum á jafnréttisgrundvelli.

Ábyrgð og mat á eigin vinnu:

Að nemandi geti sett sér raunhæf markmið um frammistöðu og framvindu eigin náms og borið ábyrgð á eigin námi.

Vinna nemenda:

Nemandi vinnur verkefni bæði einn og með öðrum í kennslustundum og nýti ýmsa miðla við verkefnagerð og kynningu.

Vinna kennara

Kennarar leggja sig fram um að velja fjölbreytt viðfangsefni og nota fjölbreyttar matsaðferðir við mat á verkefnum nemenda. Kennarar leiðbeina um rétta notkun á dönsku máli, bæði munnlega og skriflega og kynna nemendur fyrir Danmörku og ýmsum dönskum siðum og venjum

Mat á hæfni á námssviðinu:

Hæfni nemenda er metin með símati; prófum úr lesnu og ólesnu efni og ýmsum verkefnum. Krossapróf verður úr smásögum sem lesnar verða í tímum. Nemendur mega hafa skilaverkefnið með í próf. Prófað er úr orðaforða í báðum lotum. Nemendur vinna margmiðlunarverkefni sem gilda til einkunnar. Prófað er í munnlega þættinum að vori.

Heimanám:

Ekki er ætlast er til að nemandi í hægferð vinni heimavinnu, en ef nemandi lýkur ekki við verkefni í kennslustund getur verið að hann þurfi ljúka þeirri vinnu heima. Ef nemandi missir úr kennslustund þarf hann að afla sér upplýsinga og verða sér úti um aukaverkefni ef einhver eru.

GARÐASKÓLI 2017-2018

NÁMSÁÆTLUN Í DÖNSKU, 10. BEKKUR - HÆGFERÐ

--

Undirritun _____